

Gleðilega þjóðhátíð



Þjóðhátíðardegi Íslendinga var að vanda fagnað þann 17. júní. Ragnhildur Birna Jónsdóttir tók þessa þjóðlegu mynd af Jódísi Össu Antonssdóttur, dótturdóttur sinni og fjallkonu Hvolsvallar, ásamt fríðu föruneyti. Auk myndasmíðinnar, saumaði Ragnhildur sömuleiðis fallega skautbúninginn sem Jódís Assa bar svo glæsilega og flesta þjóðbúningana sem börnin klæddust.



Svanur Ingvarsson fálkaorðuhafi og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.
Ljósmynd: forseti.is

Svanur sæmdur fálkaorðu

Þann 17. júní sæmdi Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, fjórtán Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum og var þetta síðasta fálkaorðuahending Guðna, sem lætur af störfum sem forseti þann 1. ágúst nk.

Einn þeirra var Svanur Ingvarsson, kennari og húsa-smíðameistari á Selfossi.

Svanur var sæmdur riddarakrossi fyrir framlag í þágu íþróttastarfs fatlaðra, en hann hefur unnið ótúllega að íþrótt- og félagsstarfi fatlaðra um árabil.

Rangæingurinn Fannar Jónasson, bæjarstjóri í Grindavík, var sömuleiðis sæmdur riddarakrossi, fyrir þjónustu í þágu samfélagsins á tímum hamfara.

Samfélagsviðurkenning frá Krabbameinsfélagi Íslands



Fyrir hönd starfsfólks HSU tóku þær Dána, Elín, Urður, Guðný Stella, Helga Lind og Katrín á móti viðurkenningunni frá Svanhildi. Mynd: Dagskráin/HGL.

Fimmtudaginn 13. júní sl. var starfsfólki HSU afhent samfélagsviðurkenning Krabbameinsfélags Íslands. Svanhildur Ólafsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Árnessýslu afhenti viðurkenninguna fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands.

Samfélagsviðurkenning Krabbameinsfélagsins er veitt þeim aðilum sem félaginu þykir hafa lagt málstaðnum lið með eftirtektarverðum hætti. Viðurkenning var veitt í þriðja sinn og þetta árið hlaut starfsfólk

sjúkrahúsa um land allt viðurkenninguna.

Samfélagsviðurkenningin er veitt fyrir að leggja sig fram, gera sitt besta og örlítið meira en það, fyrir fólk sem er að takast á við krabbamein.

Í krabbameinsmeðferð er fólk, ásamt sínum nánustu, að takast á við ein erfiðustu verkefni lífs síns. Á þeim tíma leikur starfsfólk sjúkrahúsanna algert lykilhlutverk í lífi fólks sem leggur allt sitt traust á það.

Hluti af starfsfólkinu er mjög

sýnilegt meðan aðrir vinna sína vinnu bak við tjöldin. Allir í keðjunni eru hins vegar ómissandi ef árangur á að nást.

Á HSU er öflugur hópur starfsfólks sem sinnir krabbameinsmeðferðum, á göngudeild, á sjúkudeild og í heimahjúkrun en um 90% allra krabbameins-sjúkra á Suðurlandi fá lyfjagjöf og meðferð á HSU. Mikil ánægja er í samfélaginu með þessa þjónustu og sérstaklega að þurfa ekki að fara um langan veg til að fá lyfjagjafir.

Fáðu
fagmann
í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023

TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN
BÍÐA ÞÍN



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)

Viðburðaríkur vetur í Tónlistarskóla Rangæinga

Það hefur verið viðburðaríkur vetur í Tónlistarskóla Rangæinga, en í skólanum voru rétt rúmlega 150 nemendur skráðir í einkánám við skólann, tæplega 40 nemendur í Sönglist og tæplega 90 nemendur í forskóla í grunnskólum og leikskólum í Rangárvallasýslu.

15 nemendur voru í Suzuki-námi við skólann, á píanó, fiðlu, selló og blokkflautu. Einn nemandi var í framhaldsnámi, 13 nemendur í miðnámi og allir hinir í grunnámi.

Í vetur hafa verið starfandi við skólann 19 fastráðnir og fjórir stundakennarar, samtals í rúmlega 10 stöðugildum.

Þetta er einstaklega flottur hópur af frábærum tónlistarmönnum, eins og hefur sýnt sig

við undirbúning og framkvæmd kennaratónleikanna sem haldnir voru fyrir Páskafri. Þessir tónleikar voru alfarið á vegum kennaranna sjálfra!

Viðburðir

Það er líka sérstaklega skemmtilegt að fara á nemendatónleika kennaranna, en þeir voru samtals 27 á þessu skólaári. Þá sér maður hvað þessir kennarar hlúa vel að nemendum sínum og leggja sig fram við kennslu.

Nemendur skólans komu einnig fram á öðrum tónleikum á vegum skólans, haldnir voru 6 tónfundir með ákveðnu þema, tveir stórir samspilstónleikar (jól og vor), og farið var í nokkrar heimsóknir á dvalarheimilin auk þátttöku nemenda í guðsþjónustum og á öðrum viðburðum, t.a.m. 90 ára afmæli Hvolsvallar og Stóra upplestrarkeppnin. Einn nemandi hélt einleikstónleika í vor.

Samsöngshóparnir voru með tvo viðburði í vetur, en eldri samsöngsnemendur undir stjórn Aðalheiðar Gunnarsdóttur söngkennara settu á svið skemmtilega

Disney-sýningu. Fengin var aðstoð grunnskóla- og leikskólabarna við að útbúa leiksvið og skreytingar.

Yngri samsöngsnemendur undir stjórn Mariönnu Másdóttur héldu glæsilega tónlistarsýningu í anda Trolls-teiknimyndanna.

Einn nemandi skólans fékk að taka þátt í Upptaktinum, tónsköpunarverðlaun fyrir börn í 5.-10. bekk grunnskóla.

Þrír nemendur tóku þátt í Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna, en svæðistónleikar voru haldnir í Salnum í Kópavogi í vor.

Nú eru nemendur skólans komnir í sumarfrí, en stjórnendur eru farnir að undirbúa næsta skólaár og verður margt skemmtilegt á döfinni þá!

Tónlistarskóli Rangæinga var stofnaður árið 1956 og er rekin af þrem sveitarfélögum: Ásahreppi, Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra. Kennt er á Hvolsvelli, Hellu og Laugalandi.

Tónlistarskóli Rangæinga



Laus störf í Bláskógaskóla á Laugarvatni skólaárið 2024-2025

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samþættur leik- og grunnskóli ásamt frístundarstarfi. Nemendur eru á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk og þar af eru 27 börn í leikskóladeild og 53 í grunnskóladeild. Skólinn er Grænfána skóli og leggur áherslu á teymiskennslu, fjölbreytta kennsluhætti, fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, útikennslu og heilsuefingu. Uppeldisstefna skólans er „Uppeldi til ábyrgðar“ og leikskóladeild vinnur út frá kenningum um „Flæði“.

Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar:

- **Umsjónarkennari, í unglingadeild** tvær stöður, í 100% starf;
- **Kennara í leikskóladeild** í 100% stöðu
- **Kennara í heimilisfræði** í 46 % stöðu
- **Kennara í myndmennt** í 46 % stöðu

Menntunar- og hæfniskröfur:

Kennarar:

- Leyfisbréf til kennslu.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Hæfni til að skipuleggja nám í fjölbreyttum nemendahópi þar sem allir fá að njóta sín á eigin forsendum.
- Góð þekking á kennsluefninu „Lykillinn“
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymiskennslu.
- Áhugi á útinámi og að þróa sig í starfi

Allir:

- Góð íslenskukunnátta.
- Mjög góð færni í samskiptum.
- Jákvæðni og sveigjanleiki.
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymisvinnu.
- Vilji til að gera góðan skóla betri.

Í Bláskógaskóla er full vinnustytting, frítt kort í ræktina og frábær starfsmannahópur. Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð. Störfín henta einstaklingum óháð kyni. Ráðið er til starfa frá og með 1. ágúst 2024. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn skal fylgja kynningarbréfi, yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf fyrir starfsheitið kennari.

Nánari upplýsingar gefur Íris Anna Steinarrsdóttir skólastjóri í síma 480-3030. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra á netfangið irisanna@blaskogaskoli.is. Umsóknarfrestur er til 4. júlí 2024.



Harmonikkusamspil á nemendatónleikum.



Glöð börn með verðlaunin sín í hlustunaráskorun Suzuki-deildar



Trolls.

Erasmus + verkefni Víkurskóla 2023 – 2024

Víkurskóli sótti um aðild að Erasmus+ áætluninni haustið 2022 og fékk samþykkt aðild í almennum skólahluta (leik- grunn- og framhaldsskólastig) vorið 2023. Aðild að Erasmus+ áætluninni felur í sér samkomulag milli skólans og Rannís, Landsskrifstofu Erasmus+ sem tryggir skólanum fjármagn til evrópsks samstarfs á tímabilinu 2023-2027. Í undirbúningi fyrir aðildarumsóknina var unnin áætlun um alþjóðastarf og sett fram markmið sem fela í sér ýmsan stuðning við skólaþróun innan skólans, veita nemendum tækifæri til þess að taka þátt í samstarfi við nemendur víðs vegar að úr Evrópu og gefa starfsfólki nýja möguleika í endurmenntun.

Með því að fá Erasmus+ aðild er staðfest að Víkurskóli hafi unnið vandaða áætlun um fjölþjóðlegt samstarf og náms- og þjálfunarferðir sem hluta af stefnumörkun til framtíðar. Þeir skólar og stofnanir sem hafa staðfest aðild sína að áætluninni geta framvegis sótt um styrki til náms og þjálfunar á einfaldari hátt. Aðildin snýr eingöngu að náms- og þjálfunarverkefnum og er leið til að einfalda alþjóðastarf skóla og annarra þátttakenda. Í október síðastliðið haust fór hópur nemenda úr 9. og 10. bekkjum Víkurskóla, ásamt tveimur kennurum til Gran Kan-

arí og heimsóttu þar menntaskóla í þorpinu Valsequillo. Á sama tíma voru líka nemendur frá frönskum skóla og þýskum skóla í heimsókn. Nemendur gistu heima hjá spænskum fjölskyldum og fylgdu „sínunum“ nemanda bæði í skólanum og í frítímanum. Misjafnt var hvað nemendur fengu að upplifa í frítímanum, sumir tóku þátt í fjölskylduböðum og fótboltamótum á meðan öðrum var boðið í búðaráp. Nemendur voru svo oft að hittast eftir skóla til að fara saman á ströndina.

Farið var í vettvangsferðir á strönd, menningarrölt í bænum Galdar og m.a. var Poema del Mar, stærsta sæðyrasafn í Evrópu, heimsótt. Í skólanum fengu nemendur að kynnst mismunandi íþróttagreinum sem eru einkennandi fyrir Kanaríeyjar, m.a. glímu, boccia og dömuspil/tafl ásamt því að þeir fengu að taka þátt í ensku- og frönskukennslu hjá eldri nemendum.

Í áætluninni fyrir þetta skólaár var að nemendur og starfsmenn lærðu eitthvað nýtt innan sviðs upplýsingatækninnar og því var lagt upp með að vinna verkefni þar sem nemendur myndu læra að nota forritið Canva til þess að búa til fjölbreyttar kynningar um ákveðið efni. Nemendum var skipt í blandaða hóp á öllum fjórum skólum og unnu þeir kyn-



ingar um mismunandi þjóðgarða Kanaríeyja og einkennandi náttúru þeirra. Þetta voru spennandi og viðburðaríkir dagar og nemendur komu þreyttir, en sáttir og sælir heim úr þessari ferð.

Spænsk glíma

Á vordögum var svo komið að okkur að taka á móti sex nemendum og tveimur kennurum úr vinaskóla okkar í Buszkowice í Póllandi í heimsókn til okkar. Á dagskrá var meðal annars heimsókn í Fly over Iceland, gönguferð með leiðsögumanni um Þingvelli, Gullfoss og Geysi, Skógafoss og Reynisfjöru. Í skólanum fengu þeir kynnst hvernig heilsueflandi skólar starfa og fylgdu okkar nemendum í öllum kennslustundum. Nemendur unnu kynningar í

málstofu í samstarfi við Kötlu-setur þar sem þeir fengu að þróa og bæta þekkingu sínu í Canva. Í frítímanum var farið í féló, fjöruferðir, fossar skoðaðir og sumstaðar var kíkt í fjárhús og fjós.

Verkefnavinna í Canva

En það voru ekki bara nemendur sem tóku þátt í verkefninu. Í apríl fóru tveir kennarar skólans í tveggja vikna ferð til Holmestrand kommune í Noregi þar sem þeir voru í skuggakennslu í grunnskólanum Hof Skole. Þar fengu þeir að fylgja kennslu frá fyrsta bekk og upp í unglingadeild. Áhersla var lögð á að skoða hvernig skólinn ynni með útikennslu, lestrarnám, stærðfræði og hvernig tölvutækni er notuð í kennslunni. Hof skole er að mestu leyti með námsefni

á rafrænu formi sem unnið er í spjaldtölvum (yngra- og miðstig) og fartölvum (unglingastig) og var mjög fróðlegt fyrir okkar kennara að fá innsýn í kosti og galla þess að kenna á þennan máta.

Skólaárið 2023 – 2024 hefur verið viðburðaríkt hjá starfsfólki og nemendum Víkurskóla á sviði samstarfs Erasmus+. Það hefur verið annasamt og mjög lærdómsríkt og hlökkum við til að bæta þekkingu okkar á ýmsum sviðum og menningaheimum enn meira á komandi skólaári.

*Victoria Reinholdsdóttir,
umsjónakennari 9. og 10.
bekkjar og umsjónamaður
Erasmus+ Víkurskóla*



© Inter IKEA Systems B.V. 2024

Fáðu afhent með Dropp!

Nú getur þú fengið sendingar úr vefverslun IKEA afhentar með Dropp! Með þessu aukum við úrval þjónustu okkar og komum til móts við misjafnar þarfir viðskiptavina, hvar á landinu sem er.

Verslun opin 11-20 alla daga - IKEA.is



Katla María og Eypór verðlaunuð

Lokahóf HSÍ fór fram þriðjudaginn 11. júní sl., þar sem verðlaun voru veitt til þeirra sem þótt hafa skarað fram úr með sinni frammistöðu í Grill66 deildinni á keppnistímabilinu.

Þjálfarar og leikmenn liða í deildunum kusu að lokinni deildarkeppni og voru þau Eypór Lárusson, hjálfari kvennaliðs Selfoss og Katla María Magnúsdóttir, sóknarmaður hjá Selfossi, bæði verðlaunuð. Katla María var bæði valin leikmaður ársins og besti sóknarmaður deildarinnar og Eypór var valinn besti hjálfarinn.

Vel verðskuldað hjá þeim báðum eftir að hafa farið taplaust í gegnum 1. deild og sigrað hana með miklum yfirburðum.



Sunnlenski matgæðingurinn

Gudrun Kloes er matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég þakka tengdadóttur minni fyrir tilnefninguna, þetta er mikill heiður. Oft hef ég fengið ljúffengan og fjölbreyttan mat hjá henni. Fyrir nokkrum árum kom út í Þýskalandi matreiðslubók eftir mig sem inniheldur viðtöl við fræga íslenska kokka og frumkvöðla á sviði eldamennskunnar. Einnig hef ég gefið út og sett í dreifingu bók dóttur minnar, Maike Hanneck, um íslenska matargerð á þýsku og frönsku. En nú er komið sumar. Við garðverkin verð ég vör við ómótstæðilegan grillilm hér og þar í kring um mig í Þorlákshöfn. Því er ég með uppskriftir sem fara vonandi vel við grillveisluna.



Smyrjið rjómaosti á smjördegið og leggið það ofan á laukinn, með ostinn niður á við.

Gerið rönd með gaffli. Penslið með þeyttu eggi.

Bakið í 35 mínútur í ofni við 200°C, eða þar til fallegur litur er kominn á.

Forréttur Bakaðir skarlottlaukar „Farinn á hausinn“

Laukurinn fer í bakaraofn og þvælist því ekki fyrir grillmeistarann.

Einn skammtur af þessum rétti er góður forréttur en hann gengur einnig sem aðalréttur með fersku salati og þremur skömmtum á mann.

- Einn skammtur:
- 1 skarlottlaukur
 - Matarolía eftir smekk
 - Maggi kryddsósa eða sójasósa
 - Salt
 - Þurrkað blóðberg eða ferskt garðtimian
 - Rjómaostur með graslauk
 - ½ smjördeigsplata
 - 1 egg

Setjið bökunarpappír á bökunarplötu. Dreifið olíu og Maggi sósu yfir. Salta og strjáið blóðbergið yfir.

Takið utan af skarlottlaukunum og skerið langsum í tvennt.

Meðlæti með grillkjöti, hentar einkar vel með grilliðum laxi eða silungi. Uppskrift handa fjórum.

- Steiktar gúrkur, rambþýsk uppskrift**
- 2 stórar gúrkur
 - Smjör
 - 50 g sykur
 - 2 msk. Dijon-sinnep
 - 2 msk. sýrður rjómi
 - 1 búnt dill
 - Salt og pipar
 - Skvetta af Balsamic ediki

Skrælið gúrkurnar, skerið langsum í tvennt og takið miðjuna úr. Skerið gúrkurnar í bita, um fingursbreidd.

Hitið sykurinn á pönnu, látið aðeins brúnast og setjið svo gúrkubitanna út í.

Salt, pipar, Balsamic. Steikið í 5 – 7 mín. og látið vökvann gufa upp.

Nú er sinnepi, dilli og sýrðum rjóma bætt við og tekið af hellunni.

Verði ykkur að góðu!

Að lokum langar mig að skora á son minn, Sindra Arinbjarnarson, en ég veit ekki mikið um hans hæfileika sem kokkur, svo þetta verður spennandi.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Mynd: Aðsend.

Póstfjör við Krambúðina á Flúðum

Veðrið lék við gesti á Flúðum í síðustu viku þegar því var fagnað að nú væru 100 póstbox aðgengileg hringinn í kringum landið, en hundraðasta póstboxið var nýlega reist við Krambúðina á Flúðum.

Pósturinn og Krambúðin tóku höndum saman og buðu heima-fólki og gestum í sannkallaða

sumarveislu. Fjöldi fólks lagði leið sína í veisluna, tónlistin ómaði um bæinn og var pylsum snúið í gríð og erg á snarpheitu grillinu. Mörg freistuðu gæfunnar í lukkuhjólinu og börnin sprönguðu um með fagurlega skreytt andlit.

Dregið hefur verið úr lukkupottinum og fengu tvö heppin

sumarpakka sem meðal annars innihéldu gjafabréf frá Gömlu lauginni og Friðheimum. Afþreying á svæðinu er ekki af verri endanum og þótti starfsfólki Póstsins móttökur heima-fólks sérlega hlýjar svo engan skyldi undra hve mörg lögðu leið sína á litlu Pósthátíðina.

Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónasson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Keppni tveggja kappar er, við köku tengja orðið ber, er með tvinna oft á sér, einnig dreifið um fjörur hér.

- Svar við gátu í blaði 2756: **DALLUR**
- Heimdallur
 - Drulludallur
 4. (d)allur



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

SVANSMERKI
Prentgripur
1041 0808

Við prentum ljósmyndir honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.





Ókeypis fasteigna- ráðgjöf

Fasteignasali Sigi Sigurðsson verður í Miðbæ Selfoss laugardaginn 22. júní milli 14:00 og 16:00 að gefa góð ráð. Endilega kikið við og tökum samtalið.

Kveðja,
Sigurður Sigurðsson,
löggiltur fasteignasali.



Bláskógabyggð, f.h. Bláskógaveitu,
óskar eftir tilboðum í verkið:

DÆLUHÚS LAUGARVATNI - uppsteypa og utanhússfrágangur

Verkið er fólgið í byggingu dæluhúss á Laugarvatni á athafnasvæði Bláskógaveitu. Um er að ræða staðsteypt tvílyft hús, klætt með álklæðningu. Í verkinu er fólgið m.a.: rif á þaki eldra dæluhúss, uppsteypa, gerð þaks á báðar byggingar og frágangur utanhúss.

Senda skal tölvupóst á netfangið kristofer@blaskoga-byggd.is til að fá útboðsgögn, sem verða afhent á staf-rænu formi.

Tilboð verða opnuð þriðjudaginn 2. júlí 2024 kl. 11:30 á skrifstofu Bláskógabyggðar í Aratungu, Reykholti, að viðstöddum þeim sem þess óska.

ÚTBOÐ SNJÓMOKSTUR



Bláskógabyggð óskar eftir tilboði í snjómokstur og hálkuvarnir í dreifbýli í Bláskógabyggð. Um er að ræða tvö útboð, austurhluta (Biskupstungur) og vesturhluta (Laugardalur og nágrenni) og taka bæði útboðin til þriggja ára. Útboðsgögn fást afhent frá og með föstudeginum 21. júní nk. á skrifstofu Bláskógabyggðar, eða með því að senda tölvupóst á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Bláskógabyggðar, Aratungu, Reykholti, 806 Selfoss, fyrir kl. 9:00 þriðjudaginn 2. júlí nk. vegna vesturhluta og fyrir kl. 9:15 þann sama dag vegna austurhluta, en þá verða tilboð opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Nánari upplýsingar gefur Kristófer A. Tómasson, sviðsstjóri Framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar í síma 480 3000, eða í tölvupósti á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is.

Kerhólsskóli

Kerhólsskóli auglýsir stöðu deildarstjóra grunnskóladeildar skólaárið 2024-2025

Í skólanum eru rúmlega sjötíu nemendur í frá eins árs og upp í 10. bekk. Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og útinám. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Leitað er eftir sjálfstæðu og drífandi fólki með mikla þekkingu og áhuga á skólastarfi. Deildarstjóri situr í stjórnendateymi skólans ásamt skólastjóra og öðrum deildarstjórum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu.
- Frumkvæði og hæfni til að skipuleggja nám í fjölbreyttum nemendahópi. Þar sem allir fá að njóta sín á eigin forsendum.
- Mjög góð hæfni í samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki í starfi.
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Góða þekkingu á Mentor.
- Góð íslenskukunnátta.

Æskilegt er að umsækjandi hafi:

- Þekkingu á Uppeldi til ábyrgðar.
- Þekkingu og reynsla af útinámi.

Um er að ræða tímabundna stöðu í eitt ár með möguleika á áframhaldandi ráðningu. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsókn um störf skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 27. júní 2024. Nánari upplýsingar veitir Sigrún Hreiðarsdóttir, skólastjóri í síma 480 5520 og sigrun@kerholsskoli.is Umsóknir sendist á netfangið sigrun@kerholsskoli.is

Kerhólsskóli

Kerhólsskóli auglýsir stöðu Sérkennara / Proskapjálfa í sameiginlegan leik- og grunnskóla skólaárið 2024-2025

Í skólanum eru rúmlega sjötíu nemendur í frá eins árs og upp í 10. bekk. Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og útinám. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Leitað er eftir sjálfstæðu og drífandi fólki með mikla þekkingu og áhuga á skólastarfi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Starfar í teymi sem vinnur þverfaglega á báðum skólastigum.
- Aðstoðar með vinnu við einstaklingsnámskrár og námsmat.
- Önnur verkefni sem yfirmaður felur.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem kennari / þroskajálfi.
- Frumkvæði og hæfni til að skipuleggja nám í fjölbreyttum nemendahópi þar sem allir fá að njóta sín á eigin forsendum.
- Mjög góð hæfni í samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki í starfi.
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Þekking á Uppeldi til ábyrgðar.
- Góð íslenskukunnátta.

Um er að ræða tímabundna stöðu í eitt ár með möguleika á áframhaldandi ráðningu. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsókn um störf skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 27. júní 2024. Nánari upplýsingar veitir Sigrún Hreiðarsdóttir, skólastjóri í síma 480 5520 og sigrun@kerholsskoli.is Umsóknir sendist á netfangið sigrun@kerholsskoli.is

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Dáleiðsla
Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.

Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá liðna atburði
og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst
þú í fyrra lífi?

Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.

Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf,
nudd og svæðanudd.

Bókanir á heilsulindheidars@
simnet.is eða í síma 898 1501
(SMS)

Heiðar Ragnarsson

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlun



Jákvæðar
hugsnið breyta
deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FASTEIGNIR

Til sölu einbýlishús

Eyrarvegur 2A Akureyri með bíl-
skúr um er að ræða 161,8 fm.
Ásett verð 73,400,000 kr. Nánari
uppl. hjá Akureyri Eignaver í síma
460 6060.



Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

KIRKJA

Eyrarbyggakirkja

Messa í Eyrarbyggakirkju sunnu-
daginn 23. júní kl. 14:00 í tengsl-
um við jónsmessuhátíð á Eyrar-
byggka. Kammerkór Eyrarbyggka-
kirkju syngur, organisti Pétur Núi
Stefánsson, prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Strandarkirkja

Guðsþjónusta kl.14. Sr. Nína
Sif Svavarsdóttir þjónar. Organ-
isti er Ester Ólafsdóttir, Kór Þor-
láks - og Hjallasóknar leiðir safn-
aðarsöng.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11. Prestur sr. Axel Á
Njarðvík. Organisti Ester Ólafs-
dóttir. Verið velkomin.

Laugarvatn

SK- guðsþjónusta í Menntaskól-
anum að Laugarvatni kl. 13:30.
Prestur sr. Axel Á Njarðvík.
Svarvar Knútur Kristinsson
syngur og spilar. Verið velkomin
og smá kirkjukaffi í lokin.



Björgunarsveitir kallaðar út vegna gönguslyss í Þórsmörk

Síðastliðinn laugardag, um kl.
14, voru Björgunarsveitirnar
Bróðurhöndin, Vestur-Eyja-
fjöllum og Dagrenning Hvols-
velli kallaðar út vegna göngu-
slyss rétt undir toppi Valahnúks
í Þórsmörk.

Björgunarsveitirnar brugðust
hratt við og kom Björgunars-
veitin Bróðurhönd fyrst á vett-
vang, ásamt skálavörðum í
Langadal. Björgunarsveitin Da-
grenning kom stuttu seinna, auk

björgunarsveitarfólks sem var í
helgarfíri í Þórsmörk.

Sjúklingurinn var með
áverka á fæti og gat ekki staðið í
fötinn. Sjúklingurinn var færður
með böruburði stutta leið niður
Valahnúk þar sem þylusveit
Landhelgisgæslunnar, sem kom
beint úr útkalli úr Borgarfirði,
gat athafnað þylunni og var
sjúklingur kominn í þylu rétt
rúmlega 16 eftir gott samstarf
allra viðbragðsaðila.

Auglýsing um stofnfund sameinaðs stjórnendafélags

Félag stjórnenda.

Stofnfundur sameinaðs stjórnendafélags; Stjórnendafélags Vesturlands,
Stjórnendafélags Suðurnesja, Stjórnendafélags Suðurlands og
Jaðars félags stjórnenda á Akranesi verður haldinn þann
26. júní kl. 19:00, að Hlíðarsmára 8 Kópavogi.

Dagskrá stofnfundar:

1. Afgreiðsla tillögu um lög félagsins.
2. Kosningar í embætti félagsins, sem samkvæmt drögum að lögum eru:
 - 2.a. Kosning 8 fulltrúa í stjórn félagsins.
 - *Kosning í embætti formanns og ritara og 2ja meðstjórnenda til eins árs
 - *Kosning varaformanns, gjaldkera og 2ja meðstjórnenda til 2ja ára
 - 2.b. Kosning í orlofsnefnd
 - 2.c. Kosning 2ja skoðunarmanna
 - 2.d. Kosning 2ja aðalmanna og 2ja varamanna í stjórn STF
3. Önnur mál

Allir félagsmenn sameiningarfélaganna eiga rétt til þátttöku á fundinum.
Á fundinum verða léttar veitingar.

Boðið verður upp á rútuferðir frá Stykkishólmi, Keflavík og Selfossi.

Félagsmenn sem ætla að mæta á fundinn verða að skrá sig á fundinn á
netfangið: stjornandi@stjornandi.is

Stjórnir Stjórnendafélags Vesturlands, Stjórnendafélags Suðurnesja, Stjórnendafélags
Suðurlands og Jaðars félags stjórnenda á Akranesi.



Sameining deilda VR á Suðurlandi

Suðurlandsdeild VR hefur tekið til starfa eftir sameiningu deilda félagsins í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi. Sameiningin var samþykkt á ársfundum deildanna í maí og stjórn VR samþykkti í kjölfarið breytingar á starfsreglum á fundi sínum 12. júní.

Deild VR í Eyjum var stofnuð eftir sameiningu VR og Verslunarmannafélags Vestmannaeyja árið 2007 og Deild VR á Suðurlandi var stofnuð

eftir sameiningu VR og Verslunarmannafélags Suðurlands árið 2017. Í sameinaðri Suðurlandsdeild VR eru alls um tvö þúsund VR félagar. Markmiðið með sameiningunni er að efla enn frekar þjónustu við félagsfólk á félagssvæði Suðurlandsdeilda.

Engin breyting verður á þjónustu VR við þessa sameiningu, áfram verða reknar skrifstofur í Vestmannaeyjum og á Selfossi með sama sniði og verið hefur

og munu þær áfram veita sömu þjónustu. Formaður Suðurlandsdeilda VR er Kolbrún Júlía Erlendsdóttir en í stjórn deildarinnar sitja auk formanns fjórir aðalmenn, þau Ásta Björk Ólafsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Ragna Steina Snæfells Lárudóttir og Stefán Viðar Egilsson. Til vara eru Haraldur Pálsson, Drífa Kjartansdóttir og Baldvin Nielsen. Kjörtímabil stjórnar er fjögur ár.



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036:

1. Aðalskipulag Árborgar 2020-2036 - Breytingar á ASK 2024 - Tillaga

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 12.6.2024 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingarnar hafa verið kynntar með skipulagslýsingu, þ.e. samantekt á þeim þáttum sem til stendur að gera breytingar á. Skipulagslýsing var kynnt frá 28.2.2024 til og með 26.3.2024, og var óskað eftir umsögnum lögbundinna umsagnaraðila auk annarra. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036. Breytingarnar snúa einkum að þettbylinu á Selfossi en einnig eru breytingar á landbúnaðarsvæði og nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu í dreifbýli.

Um er að ræða eftirtalдар breytingar á greinargerð og uppdráttum:

- Miðsvæðið M3 breytist í íbúðarbyggð. Heimilt er að vera með hverfisverslun á lóðum næst hringtorgi Eyravegar og Suðurhóla.
- Athafnasvæði fyrir utan á. Unnið er að deiliskipulagi athafnasvæðis AT2. Gerðar eru lítilsháttar breytingar á afmörkun affreyingar- og ferðamannasvæðis AF6 vegna þess og skógræktar- og landgræðslusvæðis SL1.
- Verslunar- og þjónustusvæðinu VP8 og þeim hluta samfélagsþjónustu S5 sem nær til leikskólans Glaðheima er breytt í miðsvæði.
- Iðnaðarsvæðinu I1 er að hluta til breytt í verslunar- og þjónustusvæði. Sett er inn iðnaðarsvæði I21 og I22 fyrir borholur hitaveitu fyrir utan á. Einnig iðnaðarsvæði I23 fyrir borholur hitaveitu á suðurbakka Ölfusár.
- Verslunar- og þjónustusvæðinu VP11 er breytt í athafnasvæði.
- Íbúðarbyggðinni ÍB27 er breytt til baka í athafnasvæði (AT5), eins og var í eldra skipulagi.
- Á hluta af opnu svæði OP1, norðan við Sunnulækjarskóla, er heimilt að útbúa aðstöðu fyrir skátana.
- Skilmálum fyrir miðsvæðið M5 er breytt og byggingar lækkaðar.
- Skilmálum fyrir miðsvæðið M6 er breytt og byggingar lækkaðar.
- Sýslumannstúninu er breytt úr íbúðarbyggð í opið svæði.
- Syðsta hluta Votmúla 1, Lóustaða 1 og Votmúla 3 er breytt úr landbúnaðarsvæði L2 í L3.
- Sett er inn nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu í landi Stóra-Hrauns og minnkar landbúnaðarsvæði samsvarandi.
- Settir eru skilmálar fyrir skuggavarp og vindvist.
- Endurskoðuð er afmörkun svæða sem vinna á rammahluta aðalskipulags fyrir.

Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar eldra aðalskipulags, með síðari breytingum.

Tillaga aðalskipulagsbreytinga verður kynnt í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is og með auglýsingu í Dagskránni auk þess að vera aðgengileg á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar www.arborg.is.

Umsagnir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest. Með kynningu skipulags- og matslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenn- ingi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytingarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi deiliskipulagstillaga:

2. Arnberg - Olís - Deiliskipulag lóðar L162959

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 12.6.2024 tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir lóðina Arnberg L162959 á Selfossi, sem tekur til allrar starfsemi lóðarinnar sem tilheyrir að mestu leyti Olís, sem rekur verslun, sölu á eldsneyti og olíum auk þess sem rafhleðslustöð er innan lóðarinnar. Deiliskipulagstillagan tekur til þeirra bygginga/viðbygg- inga og starfssemi innan lóðar, auk áforma um byggingar bílaþvottastöðvar sem verður stað- sett nánast í sama grunnplani og núverandi þvottaplan austast í lóðinni.

3. Eyravegur 42 - 44. - Deiliskipulag verslunar- og þjónustu auk íbúðabyggðar

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 12.6.2024, að auglýsa á ný tillögu að nýju deili- skipulagi verslunar- og þjónustu, auk íbúðabyggðar á lóðunum Eyravegur 42 og 44 á Selfossi. Tillagan var auglýst frá 20.12.2023 til og með 31.1.2024. Umsagnir bárust frá Minjastofnun Íslands og Vegagerðinni. Vegagerðin gerði athugasemd við tillöguna þar sem ekki var fallist á nýja aðkomu inn á lóð 44 við Eyraveg. Ný og breytt tillaga hefur nú verið lögð fram sem gerir ráð fyrir að aðkoma að lóð 44 verði frá Fossvegi. Þá hefur uppstillingu byggingarklasa fyrir lóð 44 einnig verið snúið við.

Svæðið er skilgreint í aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 sem miðsvæði, þar sem skuli vera blanda af verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæði. Helstu markmið tillögunnar að þetta núver- andi byggð með nýtingu á lóðum sem nýttar hafa verið sem verslunar- og lagersvæði. Tillagan tekur til breytinga á núverandi notkun lóðanna 42 og 44 við Eyraveg. Lóðirnar hafa í árána rás verið nýttar undir starfsemi byggingarvöruverslunar. Í tillögunni er gert ráð fyrir að versl- unarstarfsemi verði á lóð 42, og hluti núverandi bygginga verði rifinn og fjarlægður. Á norð- austurhluta lóðar 42, tengt verslunarhluta, er gert ráð fyrir rafhleðslustöðvum fyrir bifreiðar. Á byggingarreit F1, á Eyravegi 44 er gert ráð fyrir að rísi íbúðarhúsnæði á 3-5 hæðum. Gert er ráð fyrir að á lóðinni verði rými fyrir allt að 65-75 íbúðir, með nýtingarhlutfalli allt að 1,1. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja bílakjallara. Þá er gert ráð fyrir að lóðirnar 44 og 44a á Eyravegi verði sameinaðar í eina lóð.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á slóðinni www.skipulagsgatt.is og á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is.

Skipulagstillaga nr. 1 er kynnt með athugasemdafresti frá 19. júní 2024 til og með 10. júlí 2024. Skipulagstillögur nr. 2 - 3 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 19. júní 2024 til og með 31. júlí 2024.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athuga- semdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 10. júlí 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austur- vegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið www.skipulag@arborg.is.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurð- arnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi



Fjöldi fólks var samankominn í Sagnagarði. Ljósmynd: Ágústa Helgadóttir.

Yfir 160 manns mættu í útgáfuhóf í Gunnarsholti

Það var mikið um dýrðir í Sagnagarði í Gunnarsholti á Rangárvöllum í síðustu viku þegar yfir 160 manns lögðu leið sína í útgáfuhóf bókarinnar Saga Gunnarsholts á Rangárvöllum.

Sveinn Runólfsson, höfundur bókarinnar, bjó í Gunnarsholti í hartnær sjö áratugi, þar af í 44 ár sem landgræðslustjóri. Í bókinni, sem er myndskreytt í bak og fyrir, rekur hann merka sögu jarðarinnar sem hann gjörþekkir.

„Aðeins er rúm öld liðin síðan foksandur herjarði með skelfilegum afleiðingum hærlandis. Árin undir lok nítjándu aldar voru afar erfið um land allt. Á Rangárvöllum geysuðu sandstormar, torfbök rifnuðu af lágreistum bæjum og Reyðarvatn fylltist af sandi.“

Eftir kuldatið og gegndarlausan ágang saltinnar þjóðar og sauðfjár var aðeins fjórðungur



Feðgarnir Sveinn Runólfsson og Sæmundur Sveinsson. Ljósmynd: Ágústa Helgadóttir.

landsins vaxinn gróðri-skógur einungis eftir á einu prósent landsins. Ísland var í tötrum.

Við frumstæðar aðstæður hófu Íslendingar gagnsókn með því að girða og friða sandfokssvæði fyrir búfjárbætt, hlaða sandvarnargarða og slá melgresi. Í Gunnarsholti á Rangárvöllum tókst með tímanum – á



Halldóra Sigmundsdóttir var ráðskona í Gunnarsholti og Stefán Skafason úr Aðaldal starfaði sem héraðsfulltrúi á Norðausturlandi.

landi sem áður var sandauðn – að koma á laggirnar langstærsta búi sem starfrækt hefur verið á Íslandi.“

Saga Gunnarsholts á Rangárvöllum er fánleg í Bókakaffinu á Selfossi, Bókakaffinu í Ármúla 42, í öllum 16 verslunum Pennans Eymundsson og hjá Forlaginu.

Bíladella í Sigtúnsgarði á Selfossi



Myndir: Bifreiðaklúbbur Suðurlands.



Laugardaginn 22. júní nk. Fer árleg Bíladella Bifreiðaklúbbs Suðurlands fram í Sigtúnsgarðinum í miðbæ Selfoss á milli kl. 13-17.

Á sýningunni verður mest um fornbíla en inn á milli verða torfærubílar og nýlegir sportbílar. Fritt er inn og öll boðin velkomin.

prentmet
heildarlausnir í prentun

HEILDARLAUSNIR Í PRENTUN

Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

FALIN PARADÍS

Tjaldsvæðið Hraunborgum Grímsnesi

Allt fyrir fjölskylduna, sundlaug, heitir pottar og sauna Leiksvæði fyrir börnin, veitingastaður, bar og golfvöllur. Opíð alla daga frá kl. 11 - 21 nema föstudaga og laugardaga lokar kl. 23. Markaður alla laugardaga frá kl. 10 - 15. í sumar þar sem er að finna nýbakað brauð og bakkelsi ofl. Sími 692 3555 - hraunborgir33@gmail.com



FRÖST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FRÖST.IS



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



LAGNIR

**ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
okuland.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Par sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is